



# Akureyrarbær

## Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 682 - Fundargerð

682. fundur

25. júní 2018 kl. 13:00 – 13:45

Fundarherbergi skipulagsdeild

---

### Nefndarmenn

Bjarki Jóhannesson byggingarfulltrúi

Björn Jóhannsson

### Starfsmenn

Stefanía G Sigmundsdóttir fundarritari

---

#### 1. Njarðarnes 12 - umsókn um byggingarleyfi

2018030307

Erindi dagsett 16. mars 2018 þar sem Haraldur S. Árnason fyrir hönd SS Byggis ehf., kt. 620687-2519, sækir um byggingarleyfi fyrir tveggja hæða steinsteyptu iðnaðar- og geymsluhúsnæði á lóð nr. 12 við Njarðarnes. Meðfylgjandi eru teikningar eftir Harald S. Árnason. Innkomnar nýjar teikningar 25. júní 2018.

*Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.*

#### 2. Hlíðargata 2 - umsókn um breytingar

2017050166

Erindi dagsett 13. apríl 2018 þar sem Sigurður Hallgrímsson fyrir hönd Finns Víkingssonar, kt. 251070-3349, sækir um leyfi fyrir breytingum á áður samþykktum teikningum fyrir húsi nr. 2 við Hlíðargötu. Meðfylgjandi eru teikningar eftir Sigurð Hallgrímsson. Innkomnar nýjar teikningar 11. júní 2018.

*Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.*

#### 3. Margrétarhagi 4 - umsókn um breytingar

2017100110

Erindi dagsett 15. júní 2018 þar sem Einar B. Jónsson fyrir hönd VAPPS ehf., kt. 460206-1890, sækir um breytingar á áður samþykktum teikningum er varðar glugga á norðurhlið húss nr. 4 við Margrétarhaga. Meðfylgjandi eru teikningar Einars B. Jónssonar.

*Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.*

#### 4. Margrétarhagi 6 - umsókn um breytingar

2017100116

Erindi dagsett 15. júní 2018 þar sem Einar B. Jónsson fyrir hönd VAPPS ehf., kt. 460206-1890, sækir um breytingar á áður samþykktum teikningum, er varðar glugga á norðurhlið húss nr. 6 við Margrétarhaga. Meðfylgjandi eru teikningar Einars B. Jónssonar.

*Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.*

**5. Elísabetarhagi 2 - umsókn um byggingarleyfi**  
2018030428

Erindi dagsett 20. júní 2018 frá Tryggva Tryggvasyni sækir um takmarkað byggingaleyfi fyrir hönd B.E. Bygginga ehf., kt. 490398-2529 fyrir uppsteypu á undirstöðum, kjallaraveggjum og botnplötu á húsi nr. 2 við Elísabetarhaga.

*Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.*

**6. Kotárgerði 12 - umsókn um bílastæði**  
2018060525

Erindi dagsett 25. júní 2018 þar sem Hákon Arnarson, kt. 181284-4049, sækir um hámarks stækkun á bílastæði við hús sitt nr. 12 við Kotárgerði. Færa þarf ljósastaur og óskar umsækjandi eftir að hann verði færður samkvæmt meðfylgjandi mynd.

*Byggingarfulltrúi samþykkir 6 metra breytt bílastæði með vísun í vinnureglur um leyfi fyrir bílastæðum og úrtökum á kantsteini, enda verði frágangur á lóðamörkum gerður í samráði við nággranna. Umsækjandi greiði kostnað vegna færslu á götugögnum, ef með þarf.*

**7. Giljaskóli ípróttamiðstöð - umsókn um byggingarleyfi fyrir stækkun anddyris**  
2018060095

Erindi dagsett 7. júní 2018 þar sem Fanney Hauksdóttir fyrir hönd Akureyrarkaupstaðar, kt. 410169-6229, sækir um byggingarleyfi fyrir stækkun anddyris til austurs í húsi Giljaskóla við Kiðagil. Meðfylgjandi er gátlisti og teikningar eftir Fanneyju Hauksdóttur.

*Byggingarfulltrúi frestar afgreiðslu með vísan til athugasemda á fylgiblaði.*

**8. Kaupvangsstræti 16 - starfsemi breytt í gistiskála**  
2018010390

Erindi dagsett 26. janúar 2018 þar sem Haraldur S. Árnason fyrir hönd Fasteigna ehf., kt. 581088-1409, sækir um leyfi fyrir breytttri notkun á 2. hæð húss nr. 16 við Kaupvangsstræti. Áætlað er að setja þar upp gistiskála. Meðfylgjandi eru teikningar eftir Harald S. Árnason.

*Byggingarfulltrúi frestar afgreiðslu með vísan til athugasemda á fylgiblaði.*

**9. Eyrarlandsvegur 28 - umsókn um byggingarleyfi fyrir aðkomu að stjórnuskoðun**  
2016060090

Erindi dagsett 15. júní 2018 þar sem Gísli Jón Kristinsson fyrir hönd Ríkissjóðs Íslands, kt. 540269-6459, sækir um breytingar á áður samþykktum teikningum af stigauppgöngu að stjórnukíkishúsi á þaki húss nr. 28 við Eyrarlandsveg. Meðfylgjandi eru teikningar eftir Gísla Jón Kristinsson.

*Byggingarfulltrúi frestar afgreiðslu með vísan til athugasemda á fylgiblaði.*

**10. Háilundur 7 - umsókn um byggingarleyfi**  
2018060350

## Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa 25. júní 2018 - 682. fundur

Erindi dagsett 15. júní 2018 þar sem Sigmundur Björnsson, kt. 210668-4119, sækir um leyfi til niðurrifs á bílgeymslu og byggingarleyfi fyrir nýrri á sama grunni. Meðfylgjandi er gátlisti aðaluppdráttar og teikningar eftir Fanneyju Hauksdóttur.

*Byggingarfulltrúi frestar afgreiðslu með vísan til athugasemda á fylgiblaði.*

**11. Hlíðarfjall - umsókn byggingarleyfi fyrir stólalyftu, tveimur lyftuhúsum/stjórnstöð og spennistöð**  
2018030402

Erindi dagsett 22. mars 2018 þar sem Fanney Hauksdóttir fyrir hönd Stólalyftu ehf., kt. 441217-0210, sækir um leyfi fyrir stólalyftu ásamt tveimur lyftuhúsum/stjórnstöð og spennistöð. Meðfylgjandi eru teikningar eftir Fanneyju Hauksdóttur. Innkomnar nýjar teikningar 7. júní 2018.

*Byggingarfulltrúi frestar afgreiðslu með vísan til athugasemda á fylgiblaði.*

**12. Viðburðir - götu- og torgsala - 2018**  
2017120017

Erindi dagset 5. júní 2018 þar sem Marino Raffaele sækir um stöðuleyfi fyrir söluvagn í Hafnarstræti fyrir Lasagne and more ehf., kt. 430518-0380. Meðfylgjandi er samþykki Heilbrigðiseftirlits og mynd af húsi/vagni. Innkomnar nýjar teikningar.

*Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.*

**13. Aðalstræti 19 - umsókn um byggingarleyfi fyrir bílskúr**  
2018050073

Erindi dagsett 7. maí 2018 þar sem Valþór Brynjarsson fyrir hönd HB fasteigna ehf., kt. 541015-1910, sækir um byggingarleyfi fyrir bílskúr á lóð nr. 19 við Aðalstræti. Meðfylgjandi eru teikningar eftir Valþór Brynjarsson. Innkomin ný teikning 14. júní 2018.

*Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.*

**14. Eiðsvallagata 28 - beiðni um úrtak úr kantsteini**  
2018060293

Erindi dagsett 13. júní 2018 þar sem Ólafur Auðunn Gylfason, kt. 050868-3468, sækir um úrtöku á kantsteini við hús nr. 28 við Eiðsvallagötu. Meðfylgjandi er mynd.

*Byggingarfulltrúi frestar erindinu og óskar eftir samþykki nágranna fyrir breytingunni.*

**15. Laufásgata 8 - umsókn um stöðuleyfi**  
2016050032

Erindi dagsett 13. júní 2018 þar sem Samúel Björnsson kt. 250863-7649, sækir um framlengingu á stöðuleyfi til eins árs fyrir Bátasmiðjuna sem stendur á horni Laufásgötu og Gránufélagsgötu.

*Byggingarfulltrúi samþykkir stöðuleyfi til 1. júlí 2019.*

**16. Kristjánshagi 4 - umsókn um frest**  
2016120155

## Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa 25. júní 2018 - 682. fundur

Erindi dagsett 14. júní 2018 þar sem Haraldur S. Árnason fyrir hönd Tréverks ehf., kt. 660269-2829, sækir um framlengingu á framkvæmdafresti á úthlutaðri lóð sinni nr. 4 við Kristjánshaga til 15. ágúst 2018.

*Byggingarfulltrúi samþykkir erindið.*

Fundi slitið.